



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 2.4. '19

Úrskurður aganefndar 2. apríl 2019

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Aganefnd hefur borist erindi frá framkvæmdastjóra HSÍ vegna ummæla sem Einar Jónsson, þjálfari Gróttu viðhafði um dómgæslu og dómaramál í viðtali við Seinni bylgjuna eftir að leik Gróttu og Stjörnnunnar í mfl.karla. 26. mars s.l. lauk. Í samræmi við 18.gr. Reglugerðar HSÍ um agamál var Gróttu gefinn kostur á að skila inn skriflegri greinargerð. Greinargerð hefur borist frá Gróttu. Samkvæmt 18. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er stjórn eða framkvæmdastjóra HSÍ heimilt að vísa til aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd handknattleiksíþróttarinnar. Um getur verið að ræða hvers kyns ósæmilega framkomu innan eða utan leiks eða á annan hátt opinberlega. Aganefnd hefur farið yfir umrædd ummæli. Aganefnd tekur undir að þjálfarinn hefði í viðtalinu mátt temja sér varfærnislega orðfæri. Það er hins vegar mat nefndarinnar að gera verður í þessum efnum, greinarmun á, annars vegar ummælum sem fela í sér almenna gagnrýni á störf dómara eða framkvæmd leikja, og hins vegar alvarlegum aðdróttunum í garð einstakra aðila, ásakanir um óheiðarleika eða annað slíkt. Telur nefndin að umrædd ummæli feli fyrst og fremst í sér gagnrýni þjálfarans sem byggja á upplifun hans og hann getur að einhverju leyti fært rök fyrir. Innan tjáningarfrelsis þjálfarans rúmast, að mati nefndarinnar, réttur hans til að segja, innan skynsamlegra marka, skoðun sína á frammistöðu dómara og skipulagi HSÍ. Með vísan til alls framangreinds er niðurstaða nefndarinnar að ummælin feli ekki í sér ósæmilega framkomu sem skaðað getur ímynd handknattleiksíþróttarinnar. Að mati nefndarinnar er ekki tilefni til að láta aðila sæta viðurlögum í máli þessu.

2. Jónas Eyjólfur Jónasson leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Hauka í 3.fl. ka. þann 31.3. 2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6 a. Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar. Leikmaðurinn hefur nú hlotið tvær útilokanir vegna brota sem falla annars vegar undir reglu 8.5 og hins vegar reglu 8.6.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





3. Daníel Freyr Andr sson leikma ur Vals hlaut  tilokun me  sk yrslu vegna gr fs leikbrots   leik FH og Vals   mfl. ka.  ann 31.3. 2019. D marar meta a  broti  falli undir reglu 8:5 a. Me  tilv sun   10. grein regluger ar HS  um agam l er  a  ni ursta a aganefndar a  ekki skuli a hafst frekar vegna m lsins en vakin er  a  athygli   stigh kkandi  hrifum  tlokana vegna sl kra brota, skv. 2. mgr. 11. s mu regluger ar.

Fleiri m l l gu ekki fyrir.

 rskur urinn tekur gildi   h degi fimmtudaginn 4. apr l 2019.

 rskur inn kv a u upp Sverrir P lmason, Arnar Korm kur Fri riksson og Arnar  r S p rsson.

Samstarfsa ilar Handknattleikssambands  slands

